



Hreppsnefnd 03.10.02

Fundargerð hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps 3. okt 2002.

Fundur haldinn í hreppsnefnd fimmtudaginn 3. okt. 2002 kl. 1200 í Miklagarði. Mættir. Emil Sigurjónsson, Björn H. Sigurbjörnsson, Aðalbjörn Björnsson, Björn Halldórsson, Sigurveig Róbertsdóttir, Steindór Sveinsson og Borghildur Sverrisdóttir. Jafnframt mættur sveitarstjórinn Þorsteinn Steinsson. Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna til fundar og var síðan gengið til auglýstrar dagskrár.

1. mál. Hluthafafundur Tanga h/f, kosning fulltrúa í stjórn o.fl.

Oddviti gerði grein fyrir stöðu mála og hvernig gengið hefði verið frá málum og undirbúnigi fyrir hluthafafund Tanga h/f.

Kynnt voru drög að fréttatilkynningu sem aðilar munu koma sér saman um að senda út eftir fund. All miklar umræður urðu síðan á fundinum um þessi málefni og hvernig greina ætti íbúum sveitarfélagsins frá því sem framundan er í atvinnumálum hjá fyrirtækinu.

Síðan var borin fram tillaga um fulltrúa hreppsins í stjórn Tanga h/f. Tillaga kom fram um Ólaf Kr. Ármannsson og Hafþór Róbertsson sem aðalfulltrúa og Ellert Árnason sem varamann. Tillagan samþykkt með 5 atkvæðum.

Síðan var lögð fram svofelld tillaga: Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrpps samþykkir að Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri fari með atkvæðisrétt hluta Vopnafjarðarhrepps, sem skráðir eru annars vegar á kennitölu Vopnafjarðarhrpps og hins vegar á kennitölu Skiphólma ehf., sem er í 100 % eigu hreppsins.

Tillagan samþykkt með 5 atkvæðum.

Fleira ekki gert og fundi slitið.